

Þriðjudaginn 8. janúar 1991.

Nr. 484/1990. **Brynjar Viggósson**

gegn

Vilhjálm H. Vilhjálmssyni hrl.

f.h. þrotabús Stranda h/f.

Kærumál. Gjaldþrotaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Haraldur Henrysson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur með vísan til 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. desember 1990. Hann krefst þess, „að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og hafnað verði að taka nefnda gjaldþrotabeiðni til meðferðar“. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

I.

Benedikt Bogason, fulltrúi sýslumannsins í Kjósarsýslu, hefur í skiptarétti Kjósarsýslu hinn 29. nóvember 1990 kveðið upp hinn kærða úrskurð. Úrskurðurinn er án forsendna og er svohljóðandi:

„Ú r s k u r ð u r:

Mál þetta er tekið til meðferðar hjá skiptarétti Kjósarsýslu.

Kröfu um málskostnað er hafnað.“

Héraðsdómarinn hefur með vísan til 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, sent Hæstarétti svofelldar forsendur og rökstuddar ástæður sínar fyrir úrlausninni:

„Þann 22. nóvember 1990 barst skiptarétti Kjósarsýslu beiðni Vilhjálm H. Vilhjálmssonar hrl. um gjaldþrotaskipti á búi Brynjars Viggóssonar, kt. 290751-4119, Markholti 15, Mosfellsbæ. Með beiðninni fylgdi staðfest endurrit úr fógetabók Kjósarsýslu frá 16. október 1990, í málinu þrotabú Stranda hf. gegn Brynjari Viggóssyni. Í því máli krafðist Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl., fyrir hönd þrotabúsins, löggeymslu hjá gerðarþola en gerðin var árangurslaus.

Í þinghaldi skiptaréttar Kjósarsýslu, þann 29. nóvember s.l., mætti af hálfu skiptabeiðanda, Pétur Kjerúlf hdl. og af hálfu skiptaþola, Brynjólfur Kjartansson hrl. Lögmaður skiptaþola krafðist þess, að beiðni skiptabeiðanda yrði ekki tekin fyrir, þar sem hún væri ekki studd þeim gögnum, sem áskilin eru í c-lið 1. mgr. 13. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sbr. 3. tl. 15. gr. sömu laga. Krafðist lögmaðurinn einnig málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Krafa lögmanns skiptaþola byggir á þeirri forsendu, að mál þetta skuli ekki tekið fyrir þar sem gjaldþrotaskiptabeiðni styðjist ekki við þau gögn sem áskilin eru í c-lið 1. mgr. 13. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Telja verður, samkvæmt gildandi réttarfarsreglum, að hafna skuli beiðni um gjaldþrotaskipti, sé henni áfátt, hvort sem varðar málatilbúnað eða að skilyrði skipta séu ekki fyrir hendi. Ber því að taka afstöðu til mótmæla skiptaþola, byggðum á þeim forsendum, þegar kveðinn verður upp úrskurður um hvort framkomin skiptabeiðni verði tekin til greina, en ekki við þingfestingu málsins.“

II.

Varnaraðili styður frávísunarkröfu sína þessum rökum: „Í máli þessu virðist kærð „synjun á höfnun“ beiðni um töku bús kæranda til gjaldþrotameðferðar. Eins og málið liggur fyrir er nærtækast að telja þetta úrskurð sem sæti áfrýjun skv. a lið 2.tl. 21. gr. l. 75/1973 og beri því að vísa kærumálinu frá Hæstarétti.“

III.

Hinn kærði úrskurður varðar það eitt, hvort framkominni beiðni um gjaldþrotaskipti skuli þegar í stað hafnað eða hvort hana skuli taka til frekari meðferðar í skiptarétti. Er kæran heimil samkvæmt því ákvæði í lögum nr. 75/1973, sem sóknaraðili byggir á. Verður frávísunarkröfu varnaraðila því ekki sinnt.

Staðfesta ber hinn kærða úrskurð með þeim rökum, sem héraðsdómari hefur borið fram og fyrr eru greind.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.